

## HPE-2016-06 Stofnun menningarseturs

Umsækjandi er Kristján Óttar Klausen. Hann er starfandi framhaldsskólakennari og lýkur meistaragráðu í faginu með kennsluréttindum næsta vor. Hann býr fyrir sunnan en fjölskylda hans er ættuð úr Hrísey og þau eiga þar hús. Samstarfsaðili hans er Ingólfur Sigfússon sem er íbúi í Hrísey og vinnur fjarvinnu þaðan og þekkir auk þess samfélagið út og inn. Verkefnið snýst um að koma á fót menntasetri í Hrísey sem á að þjóna þeim sem stunda fjarnám, óháð menntastigi, með því að veita námsaðstöðu, námsaðstoð og virkt námssamfélag samhliða þeirri grunnþjónustu sem þegar er til staðar í Hrísey. Lagt er upp með að þátttakendur geti haft fasta búsetu í Hrísey á meðan námi stendur og hafi þannig jákvæð og eflandi áhrif á samfélagið. Ef verkefnið gengur upp þá er það mjög í anda markiðasetningar byggðaverkefnisins. Það nýtir sér sérstöðu Hríseyjar sem eyjasamfélags og eflir ímynd eyjarinnar sem rólegheitasamfélag.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr.- árið 2016.